



Til bæjarráðs

Kópavogi, 4. júní 2024
24032667/005.05 ABS

Fyrirspurn bæjarfulltrúa á fundi bæjarráðs 21. mars, um fjölda barna, 12 mánaða og eldri, á biðlista eftir leikskóla í Kópavogi.

Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa var lagt fyrir bæjarráð 2. maí sl. Í svari var gert ráð fyrir að uppfærð staða á innritun í leikskóla væri lögð fyrir bæjarráð til upplýsinga í lok maí.

Í fyrstu lotu úthlutunar fengu börn fædd árið 2022 og fyrr send úthlutunarbréf. Úrvinnsla miðaðist við umsóknir sem höfðu borist fyrir 11. mars. Í annarri lotu innritunar voru send úthlutunarbréf vegna barna sem fædd eru í janúar, febrúar og mars 2023. Auk þess hefur samhliða verið unnið úr forgangs- og flutningsumsóknum, sem og þeim umsóknum sem borist hafa eftir 11. mars. Þriðju lotu úthlutunar lauk í vikunni þar sem börnum fæddum í apríl 2023 var boðin leikskóladvöl.

Biðlisti barna sem fædd eru í maí til júlí 2023

Fæðingarár	Fæðingarmán	Fjöldi barna
2023	júlí	26
2023	júní	33
2023	maí	35
Samtals		94

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar